

Föstudagur 7. febrúar 1969.

Nr. 193/1968. **Björn Pálsson**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

**Jóni Jónssyni**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Vanhæfi dómara. Ómerking. Heimvísun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Jón Ísberg, sýslumaður Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. október 1968, krefst þess, að honum verði með innsetningargerð „afhent hin brúnskjóttu hryssa, sem um ræðir í málinu“.

Hinn 3. desember 1967 ritaði stefndi héraðsdómaranum m. a. á þessa leið:

„Þar sem eigi ber saman markadómunum og því óútljáð, hver eigandi hryssunnar er, leyfi ég mér, hr. sýslumaður, að fara þess á leit við yður, að þér við fyrstu hentugleika skipið yfirmarkadóm til að skoða margnefnda hryssu, svo úr því verði skorið, hver réttur eigandi hennar skal teljast“.

Hinn 12. janúar 1968 er skráð í þingbók, að fógæti hafi „tilnefnt fjóra menn til þess að segja álit sitt á marki á umræddri hryssu“, og síðar í sama þinghaldi er í þingbókina skráð þetta: „Skoðunarmenn ásamt fógæta skoðuðu mark hryssunnar mjög vel, en hryssan var mjög róleg og gott að skoða eyru hennar“. Þá segir svo í forsendum hins áfrýjaða úrskurðar: „Markadóminn skipuðu með fógæta dýralæknar Vestur- og Austur-Húnavatnssýslu og tveir valinkunnir menn, þaulvanir mörkum“. Því næst er í hinum áfrýjaða úrskurði lýst niðurstöðu hins svokallaða markadóms.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, hefur héraðsdómari ásamt fjórum mönnum, er hann hafði kvatt til þess, framkvæmt skoðun og mat í málinu á byrjunarstig þess. Að svo komnu mátti hann ekki fara með málið og dæma það, sbr. 4. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936, og bar honum að víkja úr dómarasæti í því. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð ásamt málsmeðferð í héraði og heimvísar málinu til löglegrar meðferðar.

Hvor aðilja hefur krafizt málskostnaðar úr hendi hins. En málskostnaður hér fyrir dómi þykir eiga að falla niður.

### Dómsorð:

Hinn reglulegi héraðsdómari, Jón Ísberg, vikur sæti í máli þessu.

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur ásamt meðferð málsins í héraði, og er málinu heimvísað til löglegrar meðferðar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

### Úrskurður fógetadóms Húnavatnssýslu 14. ágúst 1968.

Gerðarbeiðandi, Björn Pálsson alþingismaður, Ytri-Löngumýri, óskar eftir því með bréfi, dags. 27. nóvember s.l., að hryssa, sem dregin var gerðarpola, Jóni Jónssyni, fyrrverandi bónda í Öxl í Sveinsstaðahreppi, verði tekin úr vörzlu hans og fengin honum, gerðarbeiðanda, í hendur.

Forsaga þessa máls er sú, að í stóðrétt í Auðkúlurétt 1. október s.l. var brúnskjótt hryssa dregin Jóni Jónssyni, fyrrverandi bónda í Öxl, gerðarpola, eftir að markaskoðun hafði farið fram á henni. Þegar heim kom, taldi gerðarpoli sig ekki eiga þessa hryssu og bað um, að markaskoðun færi aftur fram heima, og var það gert, en sama niðurstaða varð. Mark hans var á hryssunni, blaðstýft framan og vaglskora aftan vinstra.

Gerðarpoli taldi sig ekki eiga þessa hryssu og auglýsti því í dagblaðinu Tímanum eftir hugsanlegum eiganda. Enginn gaf sig fram samkvæmt þessari auglýsingu, en kvisast fór, að hryssan mundi hafa verið í vörzlu Björns Pálssonar alþingismanns, gerðarbeiðanda.

Gerðarbeiðandi sendi þrjá menn til að markaskoða hryssuna, og töldu þeir sig finna markaleysu aftan hægra og að vaglskoran væri greinilega fjöður, sem dottið hefði ofan af. Samkvæmt þessari markalýsingu hefði hryssan verið með nokkuð sæmilegu marki gerðarbeiðanda. Þegar hér var komið sögu, biður gerðarbeiðandi, eins og fyrr segir, um innsetningagerð, og gerðarþoli biður um, að markadómur fjalli um mark hryssunnar.

Vegna fjarveru gerðarbeiðanda á Alþingi og erfiðs tíðarfars varð ekki úr markaskoðun fyrr en 12. janúar. Markadóminn skipuðu með fógeta dýralæknar Vestur- og Austur-Húnavatnssýslu og tveir valinkunnir menn, þaulvanir mörkum.

Úrskurður markadóms var á þann veg, að hægra eyra sé heilt, ekki sé hægt að finna ummerki eftir mark og hafi biti verið markaður á hægra eyra, hefði brjóskið ekki verið sært, þ. e. hægra eyra sé óskert. Á vinstra eyra er glögg blaðstýfing að framan, að aftan er vaglskora, og ber markið ekki þess merki, að fjöður hafi kalið eða skemmzt af mývargi, þ. e. sárið virðist hreint. Samkvæmt þessu er glöggt mark gerðarþola, Jóns Jónssonar, fyrrverandi bónda í Öxl, á hryssunni.

Þegar gerðarþoli sat uppi með hryssuna, rifjaðist upp fyrir honum, að hann hafði tapað brúnskjóttu mertryppi upp úr 1950, en það haust, sem tryppið kom ekki af fjalli, hafði hann heyrt um brúnskjótt hross, sem hafði farið ofan í fram af Sauðadal. Ekki var athugað — enda ekki hægt — hver ætti, og taldi gerðarþoli, að það væri sitt brúnskjótt tryppi. Gerðarbeiðandi vefengdi að vísu, að slíkt minni gæti átt sér stað, en samkomulag varð um það með aðiljum að kanna í framtölum gerðarþola, hvort hann hefði tapað mertryppi um þetta leyti. Upplýst er samkvæmt símskeyti frá ríkisskattstjóra, að árið 1952 tapaði gerðarþoli hryssu þriggja vetra, sem engar nytjar voru af. Má því telja nokkurn veginn sannað með hliðsjón af þessu vottorði svo og öðrum vottorðum, að gerðarþoli hafi átt brúnskjótt tryppi um þetta leyti.

Af gerðarþola hálfu hefur ekki verið gefið í skyn, að gerðarbeiðandi hafi komizt yfir hryssuna á ólöglegan hátt, heldur taldi umboðsmaður gerðarþola sennilegast, að tryppi gerðarbeiðanda hefði farizt þetta sama sumar og þar sem liturinn var líkur og á tryppi gerðarþola og það sennilega komið fyrir í Auðkúlurétt, hefði gerðarbeiðandi talið það vera sitt tryppi og aldrei markaskoðað það, sem ekki er óeðlilegt, því að algengt er, að stóðhrossaeigendur gangi hross sín úr að haustinu, án þess að þau

séu rekin til réttar, og telja sig þekkja þau, þetta gera velflestir, og er það látið óátalið.

Samkvæmt fjallskilareglugerð Austur-Húnavatnssýslu nr. 19 frá 23. janúar 1961 helgar mark markeiganda kind og hross. Þessi ákvæði eru í 45. gr. 1. mgr. og 7. mgr. Ef ekkert annað kæmi til, ætti að synja um hina umbeðnu innsetningagerð þegar af þessari ástæðu.

Þar sem nú eru liðin 16 ár, frá því að gerðarþoli taldi sig vanta brúnskjótt tryppi, og telja má sannað, að gerðarbeiðandi hafi haft umráð fyrir margnefndri brúnskjótttri hryssu allan þennan tíma átölulaust og í þeirri trú, að þar hafi verið um að ræða hans eigin brúnskjóttu hryssu, getur komið til greina, að gerðarbeiðandi hafi unnið hefð á brúnskjónu samkvæmt lögum um hefð nr. 46 frá 10. nóvember 1905.

Ef um venjulegan lausafjármun væri að ræða, væri hefð ótví-  
ræð, en hér er um að ræða lifandi skepnu, sem mörkuð er ákveðn-  
um eiganda, en taka hryssunnar af hendi þess, sem hefðina vill  
gera gildandi, kemur í veg fyrir, að hinn rétti eigandi marksins  
geti tekið eign sína til sín. Hér er gengið út frá því, að markið  
hafi ætíð verið eins og því er lýst í markadómi. Hafi markið hins  
vegar skaddast og gróið eða bitinn aftan á hægra eyra aldrei  
verið markaður, hefði slíkt átt að koma fram við markaskoðun.

Hrossa og fjáreigendur eiga sjálfir að ganga úr skugga um,  
að ekkert ókunnugt sé hjá þeim og allar þeirra skepnur með  
réttu marki, enda er ekki til siðs að markaskoða hjá mönnum,  
nema að þjófkenna þá um leið.

Þess vegna verður að gera þá kröfu, að hver og einn gangi úr  
skugga um, að eingöngu hans peningur sé í hans vörzlu, og —  
af þeirri ástæðu — getur eðli málsins vegna ekki unnizt hefð á  
markaðri kind eða hrossi, enda sennilegast, að höfundar hefðar-  
laganna hefðu ekki getað látið sér til hugar koma þann mögu-  
leika, að fjár- og hrossaeigendur markaskoðuðu ekki allan pen-  
ing sinn svo mjög sem það var litið alvarlegum augum að eigna  
sér eða hagnýta kind, sem annar átti.

Af framangreindum forsendum þykir ekki rétt að viðurkenna,  
að gerðarbeiðandi hafi unnið eignarrétt með hefð yfir umræddri  
hryssu, og á því hin umbeðna innsetningargerð ekki að fara  
fram. Vegna málsatvika þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

**Ályktunarorð:**

Hin umbeðna innsetningargerð á ekki að fara fram.  
Málskostnaður falli inður.

Mánudaginn 10. febrúar 1969.

**Nr. 141/1968. Gjaldheimtan í Reykjavík**

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)

gegn

**Tómasi Ó. Tómassyni**

(Guðmundur Skaftason hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Skattamál. Synjað lögtaks.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 19. ágúst 1968. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt fyrir fógeta að framkvæma lögtak hjá stefnda til tryggingar opinberum gjöldum álögðum 1966, samtals að fjárhæð kr. 83.707.00, með 12% ársvöxtum frá 8. febrúar 1968 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er rækilega lýst í hinum áfrýjaða úrskurði. Eins og þar er rakið, reisti stefndi ásamt öðrum manni iðnaðarhús að Súðarvogi 50 hér í borg. Hluta þess húss seldu stefndi og sameigandi hans 15. júlí 1965 og höfðu þá eigi átt það í fimm ár. Nam söluhagnaður stefnda vegna þessara viðskipta kr. 151.990.00, en til þess hagnaðar eiga rót sína að rekja gjöld þau, sem lögtaks er krafizt fyrir í máli þessu. Stefndi keypti síðan íbúð í fjölbýlishúsi að Álfaskeiði 98, Hafnarfirði, með kaupsamningi 19. apríl 1966. Íbúð þessa